

# Breiðholtsblaðið



Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MARS 2007

3. tbl. 14. árg.

**Lyf & heilsa**  
Mjódd  
Ópið virka daga 9-18.30 og laugardaga 10-14

**Nytt heimili**  
www.nytt.is  
fasteignasala  
reynir erlingsson, löggiltur  
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali  
**414 6600**

**Lyfjaval**

**A P Ó T E K**  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

**BÍLAAPÓTEK**  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga

- Viðtalið  
bls. 4 - 5

## Fleiri atvinnufyrirtæki rúmast í Breiðholti

Stefnt er að því að fjölga atvinnufyrirtækjum í Breiðholti. Í hugmyndum um áframhaldandi uppbyggingu í Suður Mjóddinni er að finna möguleika til þess að byggja yfir atvinnufyrirtæki meðfram Reykjanesbrautinni og auka þannig atvinnulíf í hverfinu. Þetta kemur fram í ítarlegu viðtali við Björn Inga Hrafnsson, borgarfulltrúa og formann borgarráðs hér í blaðinu.

Björn Ingi lýsir einnig fyrirhugaðri uppbyggingu í suður Mjóddinni þar sem stendur til að reisa stórt íþróttahús sem miðstöð fyrir allt Breiðholtið. "Með þessu húsi gefst tækifæri til þess að tengja saman hefðbundið íþróttastarf og ýmiskonar félagsstarf auk þess sem hugmyndir eru um breytingu á skipulagi svæðisins til þess að unnt verði að vinna að aukinni uppbyggingu í öldrunarþjónustu.

Að mínu viti er það afar stórt og brýnt mál eins og staða öldrunarmála er nú," segir Björn Ingi. Hann segir einnig að aldrei megi líta svo á að þróun einhvers borgarhluta eða hverfis sé lokið þótt byggingarlandið sé nýtt. Borgarhverfin séu í sífelldri endurskoðun og þróun. Hins vegar verði að gæta þess að aukin uppbygging rýri ekki lífsgæði fólksins sem býr á viðkomandi stöðum. "Við megum ekki

gleyma okkur í framkvæmdaglegi og fara út fyrir skynsamleg mörk," segir Björn Ingi en kveðst engu að síður telja að byggja megi upp meiri atvinnustarfsemi í Breiðholti án þess að raska því jafnvægi sem hverfið byggir á og hugmyndir um pláss fyrir atvinnufyrirtæki séu liður í uppbyggingu og frekari þróun Breiðholtsins.



Fjöldi ÍR-inga var heiðraður í tilefni 100 ára afmæli félagsins. Á myndinni eru: Aftari röð f.v.: Jón Þ. Ólafsson, Gísli Kristjánsson, Gunnlaugur Hjálmarsson, Ágúst Ásgeirsson, Finnþjórn Þorvaldsson, Rúnar Steindórsson og Reynir Sigurðsson allir heiðursfélagar ÍR og Úlfar Steindórsson formaður ÍR. Fremri röð f.v.: Vilhjámur Einarsson, Þorbergur Halldórsson, Þórir Lárusson, Einar Ólafsson, Ásgeir Guðlaugsson og Hólmsteinn Sigurðsson allir heiðursfélagar ÍR.

**Apótekið í Hólagarði er opið:**

mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**  
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skellurri • Hagkaup Akureyri

**Eina kjötborðið  
í Breiðholti**



**Þín verslun**

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788



**gæði  
úrval  
þjónusta**

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandspóstur

3. tbl. 14. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



## Myndarleg eldri borgarahátíð

Troðfullt hús var á hátíð eldri borgara í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar laugardaginn 24. febrúar en hátíðadagskráin var liður í Vetrarhátíð í Reykjavík og Breiðholtshátíð eldri borgara. Þar heiðruðu Breiðhyltingar m.a. ýmsa frumkvöðla í málefnum Breiðholts auk þess sem eldri borgarar komu fram í mörgum atriðum. Má þar nefna söng Sönghóps Árskóga og Gerðubergskórsins, þjóðdanssýningu eldri borgara úr Breiðholti og brot úr nýju leikriti eftir Helga Seljan fyrrum alþingismaðmann sem hefur látið sig málefni eldri borgara miklu skipta. Ástæða er til þess að óska eldri borgurum í Breiðholti til hamingju með þennan dag og þátttöku þeirra í Breiðholtshátíðinni. Hún sýndi svo ekki verður um villst það öfluga starf eldri borgara sem fram fer í Breiðholti.

## Þjónustuíbúðir við Gerðuberg

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri setti fram athyglisverða hugmynd þess efnis að byggðar verði þjónustuíbúðir fyrir aldraða í nágrenni Gerðubergs og tengslum við félagsstarfið í Gerðubergi í viðtali í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins. Austan Gerðubergs er autt og óbyggt svæði sem liggur á milli tveggja þjónustustofnana sem báðar sinna miklu félagsstarfi bæði í þágu eldri borgara og annarra. Gerðuberg og Fella- og Hólakirkja yrðu í góðu göngufæri frá íbúðabyggð á þessum stað. Vilhjálmur kvaðst ekki vera að tala um háhýsi enda myndi þau ekki rúmast á þessu svæði svo að vel færi. Engu að síður væri hægt koma fyrir íbúðum fyrir nokkurn fjölda fólks án þess að umhverfið biði nokkurn skaða af. Vilhjálmur benti á að hér á landi ríki sú sjálfssagða stefna í mál-efnum eldra fólks að gera því kleift að búa sem lengst á heimilum sínum en einnig að skapa aðstöðu til þess að það geti búíð í sérstökum þjónustuíbúðum þegar geta þess tekur að þverra. Eldra fólk er einnig þauðsyn þess að eiga greiðan aðgang að félagsstarfi þar sem það á þess kost að blanda geði við annað fólk. Nálægð við Fella- og Hólakirkju og Gerðuberg er kjörin leið til þess að uppfylla þær þarfir. Breiðholtsblaðið tekur undir með Vilhjálmi og sér einnig ástæðu til þess að skora á hann að beita sér fyrir því sem borgarstjóri að þessi ágæta hugmynd geti orðið að veruleika.

## Mengunarskattur á nagladekk

Eins og fram kemur í fréttum hér í blaðinu hefur loftmengun mælst mun meiri í Reykjavík að undanförmu en talið er réttlæt-anlegt samkvæmt viðmiðunarmörkum. Allt að 60% loftmengun- arinnar má rekja til malbiks sem spænist upp af götum borgarinnar. Verulegur hluti þess losnar vegna þess að bifreiðum er ekið á negldum hjólbörðum. Miðað við veðurfar undanfarna ára en engin ástæða til þess að nota neglda hjólbörða í borgarumferðinni. Margir hjólbörðar nútímans eru þannig gerðir að þeir hafa jafn gott grip eða betra án nagla en negldir. Þá má nefna að margir yngri bílar eru mun betur gerðir til aksturs í hálfu en eldri tegundir. Á hinn bóginn virðist sá misskilningur fyrir hendi að ef nagladekk eru ekki sett undir bíla sé engin ástæða til þess að skipta yfir á vetrardekk. Margir illa búnir bílar eru því í vetrarumferðinni sem búa mætti mun betur þótt ekki séu notaðir stálnaglar í dekkinn. Borgaryfirvöld þurfa að kynna þetta fyrir fólk og einnig er spurning um hvort ástæða sé til að notendur nagladekkja greiði sérstakan mengunarskatt sem yrði innifalinn í innkaupsverði þeirra. Trúlega er það vænlegri leið en að banna þau með öllu.

# S T U T T A R

## B O R G A R F R É T T I R

### Svifryk langt yfir viðmiðunarmörkum

Loftmengun í Reykjavík fór yfir heilsuverndarmörk síðustu dagana í febrúar en þá var heiðskýrt og fremur kyrrt veður. Mest mældist loftmengunin 186 mikrógrömm á rúmmetra við Grensásstöð en viðmiðunarmörk svifryks eru 50 mikrógrömm á rúmmetra á sól- arhring. Unnið var á móti menguninni m.a. með því að rykbinda stofnbrautir með magnseiumklór- íðblöndu sem heldur götum rök- um og dregur úr því að ryk fari út í andrúmsloftið. Á undanförmum árum hafa áhrif svifryks á heilsu manna verið áhyggjuefni en svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í gegnum öndunar- færi og valda erfiðleikum hjá fólki sem er með viðkvæm öndunar- færi eða asma.

### Um 50 til 60% af völdum malbiks

Með aukinni bílaeign, umferð og notkun negldra hjólbörða eykst hættan á myndum svifryks þar sem naglarnir spæna malbikið upp. Helstu ráð til þess að draga úr svifryksmengun eru því þau að draga úr notkun negldra hjólbörða, fækka bílum í umferð og að draga úr aksturshraða bifreiða. Á bilinu 50 til 60% svifryks í Reykjavík er uppspænt malbik frá umferðinni, 10 til 15% stafa af sóti og um 25% eru af náttúrulegum völdum.

### Um 88% ferða á einkabílum

Niðurstöður úr nokkrum könnunum á ferðavenjum borgarbúa hafa leitt í ljós að um 88% allra ferða í Reykjavík eru farnar í einkabílum. Um 73% borgarbúa aka sjálf til og frá vinnu, um 62% ferða eru styttri en um þriggja kílómetra vegalengd og um 30% ferða ná ekki einum kílómetra. Í ýmsum borgum í Evrópu hefur verið reynt að vinna gegn myndun svifryks með því að draga úr umferðahraða, að takmarka umferð þungra flutningabifreiða auk þess að draga úr almennri umferð um íbúahverfi með því að minnka gegnumakstur. Almenningsangöngur, reiðhjól, göngu- ferðir og að sameinast um ferðir í einkabílum eru allt leiðir til þess að draga úr mengun af völdum umferðar.

### Ganga í skólann

Menntaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að efna til átaks í að draga úr loftmengun við grunnskóla borgarinnar. Meðal annars með því að hvetja foreldra og starfsfólk skólanna til þess að þess að efna til umræða um bætt loftgæði. Þá hefur menntaráð beint því til skólastjórnenda að hvetja nemendur til þess ganga í skólann og foreldra yngri barna að fylgja þeim fótgangandi eða að taka upp samvinnu um akstur þeirra til og frá skóla. Kom-

ið hefur í ljós að yngri börnum í Reykjavík er gjarnan ekið til skóla á morgnana og þau sótt síðdegis en óalgengara sé að foreldrar sameinist um að fara með börnin og sækja. Þá er því bent til foreldra að takmarka lausgang bifreiða við skólana.

### Öskjuhlíð og Fossvogsdalur vinsælust

Öskjuhlíðin og Elliðaárdalurinn eru vinsælustu útivistarsvæði Reykjavíkinga. Þetta kom fram í nýlegri könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Um 49% svarenda í könnuninni sögðust fara þrisvar eða oftar í Öskjuhlíðina á ári og 42% svarenda fara þrisvar eða oftar í Grasagarðinn. Á síðasta ári lét Umhverfissvið Félagsvísindastofnunar kanna hversu oft Reykjavíkingar færu í Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðaárdalinn. Helstu niðurstöður þá voru að 45% borgarbúa fara þrisvar eða oftar á ári í Elliðaárdalinn, 32% þrisvar eða oftar á ári í Heiðmörkina og rúmlega 11% þrisvar eða oftar á útivistarsvæðið við Rauðavatn. Kynjaskipting er nokkuð jöfn hvað aðsókn í Öskjuhlíðina og Grasagarðinn varðar en þó fara konur heldur meira í Grasagarðinn en karlar. Þeir sem búa í hverfum sem standa næst Öskjuhlíðinni fara oftast í hana. Sama má segja um Grasagarðinn, því 26% svarenda sem sögðust fara oftar en 12 sinnum á ári þangað eru úr hverfinu Laugardalur/Háaleiti. 30% íbúa í hverfinu Miðborg/Hlíðar fara 12 sinnum eða oftar í Öskjuhlíðina. Samkvæmt þessum könnunum virðast um 30% borgarbúa ekki nýta helstu útivistarsvæði borgarinnar. Í könnuninni í fyrra kom fram að 30% borgarbúa fóru aldrei í Elliðaárdalinn og 33% aldrei í Heiðmörk. Könnunin nú sýnir að 25% fara aldrei í Öskjuhlíðina og 27% aldrei í Grasagarðinn.

### Samstarfsamningur við Háskólann í Reykjavík

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Svava Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík hafa undirritað samning um viðtækt samstarf milli skólans og borgarinnar auk þess sem endurnýjaður hefur verið var samningur frá árinu 2005 um lóð undir starfsemi Háskólans í Vatnsmýrinni. Samkvæmt samningnum fær Háskólinn í Reykjavík yfirráðarétt yfir 20 hekturum sem skilgreindir eru fyrir háskólann eða fyrirtæki í rannsókn, nýsköpun og þróunarstarfsemi sem vilja koma inn á svæðið. Unnið er að hönnun háskólabygginga sem hófst að lokinni hugmyndasamkeppni sem fór fram á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á svæðinu geti hafist á síðari hluta þessa árs og fyrsta áfanga nýs skólahúsnæðis verði lokið sumarið 2009 og síðari áfanga sumarið 2010. Gert er ráð fyrir að byggingar háskólans verði liðlega 30 þúsund fermetrar að stærð þegar byggingum verður lokið.

### Orkusamstarf við Djíbútí

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkur, Guðlaugur Þór Þórðarsonar stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og Mahmoud Ali Youssouf utanrík-

isráðherra Djíbútís hafa skrifað undir samstarfssamning um þróun jarðhitasvæða til raforkuframleiðslu í Djíbútí. Þjóðhöfðingjar Íslands og Djíbútís, Ólafur Ragnar Grímsson og Ismail Omar Guelleh voru viðstaddir athöfnina, sem fór fram í höfuðstöðvum Orkuveitunnar. Við sama tækifæri handsöl- uðu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkur og Ali Ismail Yabeh borgarstjóri Djíbútís, höfuðborgar landsins, samkomu- lag um samstarf borganna. Með samningnum er ætlað að nýta reynslu og þekkingu Orkuveitu Reykjavíkur til að virkja jarðhita í Djíbútí til raforkuframleiðslu en landið byggir enn um 85% orku- notkunar sinnar á innfluttu jarð- efnaeldsneyti.

### Geta pantað ferðir samdægurs

Sú nýjung verður tekin upp í ferðaþjónustu fatlaðra að frá og með 1. maí n.k. geta fatlaðir Reyk- víkingar sem bundnir eru hjóla- stól og þeir sem vegna líkamlegrar fötlunar sinnar geta ekki nýtt sér almenna leigubíla pantað sér ferð með ferðaþjónustu fatlaðra sam- dægurs. Með þessu verður stigið mikið framfaraskref í þjónustu við fatlaða sem geta eftir breytinguna komist ferða sinna með styttri fyr- irvara en áður. Panta þarf ferð á opnunartíma þjónustuværs Strætó bs. virka daga kl. 8.00 til 16.00 og á laugardögum kl. 9.00-12.00, í síma 540-2740 og þarf pöntunin að hafa borist þremur tímum fyrir ferð. Hægt er að panta allt að 10 ferðir á mánuði samdægurs en umsækj- endur þurfa að vera viðskiptavinir ferðaþjónustu fatlaðra.

### Kjarvalsstaðir opnaðir að nýju

Kjarvalsstaðir hafa verið opnaðir að nýju eftir umfangsmiklar endurbætur sem staðið hafa yfir síðan í haust. Veggir í sýningarsól- um voru endurnýjaðir svo þeir þjónuðu sem best hlutverki sínu fyrir myndlistarsýningar. Kaffitería hússins var færð í miðrymi þess að nýju þar sem arkitekt Kjarvalsstaða, Hannes Kr. Davíðs- son, sá hana alltaf fyrir sér sem eins konar garðskála, með stórum gluggunum og björtum forsólum. Íslensk hönnun prýðir kaffiteríuna, en húsgögnin voru hönnuð af hönnunarstofunni Prólógus sem þróað hefur sína eigin húsgagna- línu með sterkum stíleinkennum og Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði sófa, borð og kolla sér- staklega með Kjarvalsstaði í huga. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgar- stjóri sagði að Kjarvalsstaðir hafi alltaf gegnt mikilvægu hlutverki í íslenskrí menningu og eigi sér sérstakan sess í hugum fólks þegar hann opnaði Kjarvalsstaði að nýju með formlegum hætti.



### Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298



## VIDTALIÐ

## Breiðholtið hefur alltaf heillað mig

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi og formaður Borgarráðs flutti í Breiðholtið fyrir um tveimur árum. Hann er landsbyggðarmaður að uppruna. Fæddur í Hveragerði og alin upp á Flateyri við Önundarfjörð. Hann flutti með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur á unglingsárum og kveðst hafa búið á ýmsum stöðum í borginni frá þeim tíma. Hann hafi þó alltaf fylgst með Breiðholtinu sem hafi heillað sig.

eins og það er kallað þá mætir norðanáttin mér. Ég er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir því hversu mikill munur getur verið á veðurfarinu á milli hverfa sem skýrist að verulegu leyti af því að austari byggðirnar og þá ekki síst Breiðholtið njóta skjóls af Esjunni fyrir norðanáttinni. Ég sé ekki eftir að hafa flutt. Alls ekki. Ég er ákaflega sáttur við heimkynni mín í dag og við erum ekkert á leiðinni í burtu.”

## Fjölskylduvæn byggð

“Mér hefur alltaf litist vel á Breiðholtið vegna þess að mér finnst ákveðinn hverfisbragur á því og þá er ég að tala um hverfið sem eina heild. Mismunandi er hversu vel hefur tekist til við að halda sérkennum einstakra hverfa í Reykjavík en Breiðholtið hefur yfir sér þennan ákveðna hverfisblæ sem ég kann vel við. Eftir að ég flutti í Seljahverfið hef ég gengið mikið um nágrennið og á þessum gönguferðum hefur mér skilist enn betur en áður hvað byggðin er fjölskylduvæn. Einnig hefur komið mér ánægjulega á óvart að engu líkara er en að annað veðurkerfi sé ríkjandi í Breiðholtinu en þegar maður nálgast Miðbæinn að ég tali nú ekki um Vesturbæinn þar sem ég var búsettur um tíma. Ég fer oft heimán frá mér í Breiðholtinu í mikilli blíðu en þegar ég kem niður í bæ

## Lærðum að meta undirstöðu samfélagsins

Björn Ingi er ekki Breiðhylltingur en hvaðan kemur þessi Breiðholtsbúi sem hefur látið kveða að sér á stjórnmalasviðinu að undanfögnu. “Í mér blandast byggðamaður og borgarbarn. Ég er fæddur í Hveragerði en foreldrar mínir fluttu þaðan til Flateyrar við Önundarfjörð þegar ég var barn að aldri. Ég ólst því að hluta til upp fyrir vestan og finnst ég hafa notið ákveðinna forréttinda með því að hafa búið á ýmsum stöðum. Góður skóli fólst í að alast upp úti á landi því lífið þar tengdist undirstöðuatvinnuvegina. Fyrir vestan fór maður að vinna í fiski nánast barn að aldri og tók þátt í þeim verkum sem samfélagið gekk fyrir. Menn litu á þetta þeim augum að verið væri að bjarga verðmætum. Flestar hendur fóru til vinnu þegar krakkar voru komin á þann aldur



Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur og ÍTR með ungum syni sínum á 100 ára afmælisdegi ÍR sl. sunnudag.

Bæði kirkjan og einnig Gerðuberg yrðu í göngufæri frá íbúðum sem byggðar yrðu á svæði þar sem ekkert er nú. Hvað segir formaður borgarráðs og skipulagsráðs um þessa hugmynd féлага síns. “Ég tek undir hugmynd Vilhjálms. Við höfum átt í viðræðum um þjónustuíbúðir fyrir aldraða og einnig sambýli fyrir fatlaða og aðra sem á slíkri þjónustu þurfa að halda. Við höfum verið að láta kortleggja alla borgina að þessu leyti og finna út hvar væru hentug svæði fyrir slíkar byggðir og allt er opið í þessum efnum. Við höfum sérstaklega horft til þess hvort til séu ónotaðir blettir sem gætu nýst betur að þessu leyti en viljum engu að síður standa vörð um grænu svæðin. Spurningin er um hversu mörg opnu svæðanna eru græn svæði og hver þessara svæða gætu nýst fyrir byggð eða atvinnustarfsemi af einhverju tagi. Í Breiðholtinu eru nokkrir möguleikar fyrir hendi til frekari uppbyggingar. Þeir eru einkum í Mjóddinni og gætu þá tengst fyrirhugaðri miðstöð ÍR-inga. Við verðum líka að horfa til þess að Breiðholtið hefur breyst að því leyti að meðalaldur íbúanna hefur hækkað. Stundum hefur verið sagt að á fyrstu árunum hafi tæpast verið neindir eldri borgarar í hverfinu heldur aðeins yngra fólk sem var að byggja eða að koma sér upp húsnæði. Nú er þetta breytt og þarfir íbúanna hafa einnig breyst í takt við það. Þær eru mun fjölbreyttari en meðan á byggingu hverfisins stóð og flestir íbúanna voru ungt fólk með börn.”

## Skemmtileg tenging

Björn Ingi segist hafa skemmtilega tengingu við Breiðholtið frá fyrri tíð. Ein fyrstu kynni sín af því hafi orðið þegar hann var fenginn til þess að ritstýra Breiðholtsblaðinu um tíma. “Ég byrjaði að fást við blaðamennsku á menntaskólaárunum en þetta var fyrsta ritstjórnardæmi mitt. Ég er stoltur af því starfi og ég fann að blaðið var vinsælt í hverfinu. Fólk kann að meta hverfisblöðin og ég tek ofan fyrir þeim sem standa að útgáfu þeirra vegna þess að þetta er að mörgu leyti vanþakklátt starf en engu að síður nauðsynlegt.” Björn Ingi starfaði síðar sem kynningarstjóri SAM bíóanna sem eigna sér höfuðstöðvar í Mjóddinni. “Í því sambandi er gaman að segja frá því að nú stendur til að stækka SAM bíóin í Mjóddinni á hálfri aldar afmæli Bíóhallarinnar. SAM bíóin hafa lengi haft lóð suður af núverandi bíóhúsi. Ef ég man rétt þá var gert ráð fyrir þessari stækkun strax. Af henni varð ekki á þeim tíma og löðin hefur ekki verið nýtt fyrir en nú að fyrirhugað er að hefja framkvæmdir á næstunni.” Björn Ingi segir að mikla framsýni hafi þyrft til þess að koma á fót bíórekstri á þessum stað á þeim tíma sem Árni Samúelsson ákvað að hefja rekstur í Mjóddinni. Ég man ekki betur en þessu hafi verið spáð gjaldþroti strax á fyrstu mánuðunum en nú hálfri öld síðar er þetta einhver besti staður á öllu höfuðborgarsvæðinu fyrir rekstur af þessu tagi. Svona breytast tímarnir og tækifærin með.”

## Enginn spilasalur í Mjódd

Björn Ingi segist verða var við ákveðinn uppgang í Mjóddinni og áhuga á að efla hana sem umgjörð um verslun og þjónustu. “Af þeim ástæðum vildu borgaryfirvöld ekki að spilakassar yrðu staðsettir inn í þjónustukjarnan-

að geta valdið verkum. Þetta er ef til vill orðið eitthvað breytt í dag en þarna fengum við ákveðna reynslu og lærðum að meta undirstöðu samfélagsins. Þarna unnum við Illugi Gunnarsson, verðandi alþingismaður saman í frystihúsinu og fengum okkar skírn í atvinnulífínu. Það er hins vegar tilviljun að við lentum báðir í því að starfa sem aðstoðarmenn forsætisráðherra síðar á lífsleiðinni þótt hjá sitt hvorum ráðherranum væri.”

## Miklar framkvæmdir í Suður Mjódd

Ýmsum finnst stöðnun hafi verið í Breiðholtinu á undanfögnu árum. Hverfið hafi byggst fyrir nokkru og síðan lítið gerst annað en að mannlífið líði áfram eins og lygn lækur. Þróun þess sé hreinlega lokið og engar nýjungar framundan. Hvað segir ný Breiðhylltingurinn og borgarfulltrúinn um þetta. “Þróun Breiðholtsins er ekki lokið og margt er að gerast í hverfinu sem ánægjulegt er að verða vitni að. Við höfum lagt mikla áherslu á að hreinsa til í hverfinu og gera ákveðna bragarbót á frágangi á opnum svæðum. Sum þessara svæða höfðu því miður drabbast nokkuð niður og því nauðsynlegt að laga þau. Við höfum einnig verið að huga að grænum svæðum og útivistarsvæðum. Nú stendur til mikil uppbygging í Suður Mjóddinni þar sem reisa á stórt íþróttahús sem ég held að geti orðið góð miðstöð fyrir allt Breiðholtið. Með þessu húsi gefst tækifæri til þess að tengja saman hefðbundið íþróttastarf og ýmiskonar félagsstarf auk þess sem hugmyndir eru um breytingu á skipulagi svæðisins til þess að unnt verði að vinna að aukinni uppbyggingu í öldrunarþjónustu. Það er að mínu viti afar stórt og brýnt mál eins og staða öldrunarmála er nú. Í þessum hugmynd-

um er einnig að finna möguleika á því að byggja yfir atvinnufyrirtæki meðfram Reykjanesbrautinni og auka þannig atvinnulíf í hverfinu.”

## Meira atvinnulíf án þess að raska jafnvægi

Björn Ingi segir að aldrei megi líta svo á að þróun einhvers borgarluta eða hverfis sé lokið þótt byggingarlandið sé nýtt til fulls. Borgarhverfin séu í sífelldri endurskoðun og þróun. “Hins vegar stendur engin sú uppbygging fyrir dyrum í Breiðholtinu sem að rýrir lífsgæði fólksins sem býr þar. Ég sé enga ástæðu til þess vegna þess að ég held að í grunninn sé fólk almenn ánæggt með Breiðholtið sem hverfi og heimkynni þótt alltaf megi finna einhverjar undantekningar. Ég tel að byggja megi upp meiri atvinnustarfsemi í Breiðholtinu án þess að raska því jafnvægi sem hverfið byggir á og eru hugmyndir um pláss fyrir atvinnufyrirtæki liður í uppbyggingu og þróun. Við megum hins vegar ekki gleyma okkur í framkvæmdaglegi og fara út fyrir skynsamleg mörk. Ég held að almenn sátt ríki um að vernda Elliðaárdalinn en varðandi Mjóddina og einnig Leiknissvæðið í Efra Breiðholt er nauðsynlegt að hefja frekari uppbyggingu og þar er að finna mjög spennandi kosti. Við erum opin fyrir öllum möguleikum til þess að styrkja Breiðholtið hvort sem er með nýrri atvinnustarfsemi eða möguleikum til íþróttar og félagslífs.”

## Leit að ónotuðum blettum

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri víðaði þá hugmynd í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins að byggja mætti þjónustuíbúðir fyrir aldraða og auða svæðinu á milli Gerðubergs og Fella- og Hóla-kirkju og horfði í því sambandi sérstaklega til þess félagsstarfs sem unnið er á þessum stöðum.

**Hér er ég!**

**Mjódd**

**Smíðjuvegi**

**Nóatúni 17**

**Apótekarinn**  
-lyf á lægra verði!

um og við tókum þann slag sem menn þekkja. Borgarráð ályktaði mjög ákveðið gegn því að spilasal yrði komið á fót í Mjóddinni. Við fundum fyrir mikilli samstöðu á meðal verslanaeigenda, á meðal hverfisráðsins og almennt á meðal íbúanna. Ég segi fyrir mig að ef borgaryfirvöld hlusta ekki eftir röddum af því tagi, sem komu fram í spilakassamálinu og taka á málum sem þessum þá er ekki mikið varið í þau." Þess má geta að spilakassamálið hefur nú verið leitt til lykta með samkomulagi borgarinnar og Háspennu og ekki verður af fyrirhugaðri spilastarfsemi í Mjóddinni.

### Námdin áhugaverð og auðveldara að láta verkin tala

Þegar Björn Ingi gaf kost á sér til setu í borgarstjórn fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar hafði hann komið að stjórnárum með ýmsum hætti. Hann hefur verið varaþingmaður Reykjavíkurborgar dæmis suður, sem Breiðholtið er hluti af undanfarið kjörtímabil, og einnig starfað að stjórnárum m.a. sem framkvæmdastjóri þingflokks framsóknarmanna og aðstoðarmaður ráðherra. En hvað kom til að hann ákvað að snúa sér að sveitarstjórnárum eftir að hafa fengist við landsmálin. "Ég starfaði í skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur áður en að ég ákvað að gefa kost á mér til setu í borgarstjórn fyrir síðustu kosningar. Ég hætti störfum þar þegar nefndin var lögð niður og skipulagsráð tók við hlutverki hennar. Mér fannst skemmtileg reynsla að taka þátt í að skipuleggja ný svæði og hverfi. Námdin í sveitarstjórnárum er áhugaverð

og oft er auðveldara að láta verkin tala á sveitarstjórnarstigunum en með setu á Alþingi. Árangur vinnunnar kemur oft strax fram en allt er þyngra í vöfum sem fer í gegnum Alþingi og tekur lengri tíma að skila sér á hið verklega stig. Í borgarstjórn gefst manni gefst líka kostur á að ræða við borgarbúa augliti til auglitis því margir koma með fjölbreytt erindi. Ég hef reyndar aldrei prufað að vera í stjórnarandstöðu. Ég hef unnið fyrir meirihluta bæði í skipulags og byggingarnefndinni gömlu og einnig í störfum mínum fyrir þingflokka og ráðherra og að borgarálum nú."

### Frístundakortin eru þjóðfélagsbylting

Björn Ingi segir gaman sjá hversu mikill hraði sé á þeirri uppbyggingu sem meirihlutaflokkarnir í borgarstjórn eru að beita sér fyrir. "Í kosningabaráttunni fórum við af stað með hugtakið athafna-stjórnárum sem má útleggja að láta verkin tala. Flokkarnir náðu síðan góðri samstöðu um það og sem dæmi um að þessu hefur verið veitt eftirtekt get ég nefnt að við Vilhjálmur fengum ábendingu frá sveitarstjórnarmanni utan af landi á dögunum þess ennis að við færum nú heldur hratt yfir. Við værum annað hvort búnir að efna allt sem stæði í málefna-áherslunum eða setja það í farveg. Hann taldi að við ættum að dreifa þessu meira á kjörtímabilið til þess að við hefðum eitthvað að gera á síðari hluta þess." Björn Ingi nefndi nokkur dæmi um verkefni sem komin eru í gang. Þar á meðal í málum eldri borgara og síðan frístundakortin sem verða sett í gang fyrir öll börn og ung-

menni í borginni á aldrinum sex til 18 ára á komandi sumri. "Frístundakortin eru rísa stórt mál sem setja mun Reykjavíkurborg í allra fremstu röð sveitarfélaga í landinu. Með kortunum erum við að gera börnum í borginni kleift að taka þátt í tómstundum, íþróttum, listnámi og öðru slíku algerlega óháð efnahag og aðstæðum foreldra og forráðamanna. Ég tel að í þessu felist hrein þjóðfélagsbylting enda töldu margir að með þessu væri verið að leggja nokkuð mikið í hlutina. En ég er ákaflega stoltur að standa að þessu verki og að meirihluta sem er umhugað um verklegar framkvæmdir eins og skipulagningu íbúðahverfa og atvinnusvæða en hugsar á sama tíma um velferð fólksins með aðgerðum á borð við frístundakortin. Þverpólísk samstaða myndaðist í borgarstjórn um málið sem ekki er algengt að gerist."

### Fjölskyldufólk hefur farið til nágrannasveitarfélaganna

Reykjavíkurborg hefur þanist nokkuð mikið út með nýjum og nýjum úthverfum. Af því vaknar spurning um hvort borgarbúar og jafnvel Íslendingar almennt séu úthverfasæknir. "Já - ég held að þeir séu það. En það fer líka eftir aldri. Ég sóttist sjálfur eftir því að búa í miðborginni og nágrenni hennar fyrir nokkrum árum. Ég kunni því vel að geta labbað í bæinn og jafnvel í vinnuna. En nú þegar ég er komin með börn sem þurfa að leika sér úti þá verður maður að horfa til öryggisins og þá er gott leiksvæði og rými fyrir börn farið að skipta miklu máli. Þegar börnin eru uppkomin þá hallast fólk sér stundum að miðbæjarbúsetu að nýju. Við verðum því að tryggja fólki val. Að

undanförmu hefur skort lóðir fyrir sérþýli í Reykjavík og við verðum því að gera bragarbót á því og auka það framboð. Staðreyndin er sú hverju sem það er um að kenna þá hefur barnafólki fækkað í Reykjavík því fólk á þeim aldri hefur verið að flytja til nágrannasveitarfélaganna. Oft er það svo að þessi hópur fólks er sá tekjuhæsti og hefur stundum verið kallaður bestu útsvarsgreiðendurnir. Það er alveg ljóst að tekjur nágrannasveitarfélaganna hafa verið að aukast á kostnað Reykjavíkurborgar vegna þessa. Í stað þess að vísa fólki til nágrannasveitarfélaganna með þessum hætti á Reykjavíkurborg að leggja áherslu á að vera góður búsetukostur fyrir alla. Það held ég að hafi verið gert með byggingu Breiðholtsins á sínum tíma."



**Sveinsbakari**

ARNARBAKKA 4-6 • SÍMI: 557 2600

## Glæsilegar fermingatertur!



**Pantanir í síma 557-2600**

**Costa blanca.is**

Erstu að skipuleggja frið? Viltu leigja eign á Spáni?

Áttu eign á Spáni og vilt geta leigt hana út sjálfur?

Viltu spila golf á Spáni? Viltu leigja bíl á Spáni?

Hvað er um að vera á Spáni? Hvað er markvert að skoða?

Upplýsinga- og þjónustusíðan [www.costablanca.is](http://www.costablanca.is) hefur svörin

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

[borgarblod@simnet.is](mailto:borgarblod@simnet.is)

**Samfylkingin**

Allir með!  
Taktu þátt í spennandi  
kosningabaráttu.

Málefnafundur verður haldinn  
mánudaginn, 19. mars kl. 20.30 í Félags-  
og þjónustumiðstöðinni Árskógum 4,  
jarðhæð. Allir velkomnir.

Samfylkingarfélagið í Breiðholti

Kynntu þér jafnaðarstefnuna á netinu:  
[www.samfylkingin.is](http://www.samfylkingin.is)

**XS**

# Fjölsótt og vel heppnuð menningarhátíð eldri borgara



Verðlaunahafarnir á sviði í Ráðhúsi Reykjavíkur ásamt Gunnari Eyjólfssyni heiðursgesti hátíðarinnar.

Menningarhátíð eldri borgara sem haldin var í annað skipti dagana 21. til 25. febrúar s.l. þótti takast mjög vel. Fyrsti dagur hátíðarinnar var tileinkaður íþróttum og hreyfingu og var hápunktur þess dags íþróttahátíð í Austurbergi með þátttöku um 600 eldri borgara sem sýndu glæsileg tilþrif í íþróttum.

Annar dagur hátíðarinnar var tileinkaður samskiptum kynslóðanna. Þann dag kepptu nemendur

úr Ölduselsskóla gegn eldri borgurum í Boccia og skemmtidagskrá fór fram í Hólabrekkuskóla með þátttöku yngri sem eldri í söng, dansj og öðrum skemmtiatriðum. Á þriðja degi bar hæst hátíð með 500 leikskólabörnum og eldri borgurum í Austurbergi þar sem sungið var og dansað. Franski sendiherrann og frú Vigdís Finnbogadóttir sungu á frönsku með hópnum en hátíðin var hluti af upphafs dagskrá franskra menn-



Eldri borgarar á fremsta bekk á menningarhátíð eldri borgara í Ráðhúsinu.

ingardaga sem standa munu fram á vor. Borgarstjórinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson flutti ávarp í Austurbergi og heimsótti að því búnu Gerðuberg, Árskóga, Skógarbæ og Seljahlíð sem eru fjórar helstu þjónustustofnanir eldri borgara í Breiðholti. Á laugardeginum, fjórða degi var svo hátíðardagskrá í troðfullu Ráðhúsi Reykjavíkur. Ragnar Bjarnason var kynnrir auk

þess að taka nokkur lög, Gunnar Eyjólfsson var heiðursgestur, Gerðubergskórinn og sönghópur Árskóga sungu, þjóddansaflokkur úr Breiðholti sýndi dansa, heiðursviðurkenningar voru veittar, gestir frá Selfossi og úr Hrunamannahreppi tróðu upp og Vinabandið úr Breiðholti lék fyrir dansi í lok hátíðarinnar. Stemningin á hátíðinni náði hámarki þeg-

ar Ragnar og Vilhjálmur borgarastjóri sungu „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig“, sem er eitt af þekktustu lögum Ragnars við mikil fagnaðarlæti viðstaddra. Talið er að um 500 manns hafi verið í ráðhúsinu þennan dag. Hátíðinni lauk með guðsþjónustum í öllum kirkjum Breiðholts á sunnudegi þar sem eldri borgarar tóku þátt í helgihaldinu.

## Frábær hugmynd um þjónustuíbúðir

“Þetta er frábær hugmynd sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri vék að í viðtali í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins um að byggðar yrðu þjónustuíbúðir fyrir aldraða á auða svæðinu á milli Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju,” sagði Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi í samtali við Breiðholtsblaðið. “Þetta auða svæði er hvorki grænt né vel fallið til hefðbundinnar útivistar og getur því vel hentað fyrir lágreista þjónustuíbúðabyggð eins og borgarstjóri hugsar sér hana. Nú er búið að rífa skátaheimilið sem stóð á næstu lóð austan Gerðubergs og skemmdist mikið í eldi á dögnum þannig að nú er að minnsta kosti um að ræða tvær lóðir sem mætti hugsa sér að byggja yfir eldri borgara sem þurfa á þjónustu að halda.”

Guðrún segir að slíkar íbúðir myndu falla vel að því starfi sem unnið er að í þágu eldri borgara bæði í Gerðubergi, í Fella- og Hólakirkju og annarsstaðar í Breiðholti. Mikil þörf sé fyrir hendi í þessu efni og að ástandið sé verst hjá því fólki sem þarfnist meiri ummönnum. Þjónustuíbúðir geti á hinn bóginn dregið úr því að fólk þurfi að leggjast inn á stofnanir og alla vega seinkað



Guðrún Kristjánsdóttir, kona Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra og Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi á góðri stund í Gerðubergi.

innlagn verulega. Þá sé nálægðin við félagsstarfið mikilvæg því margir eldri borgarar nýti sér það og stöðugt sé unnið að því að fá fleiri til þess að koma og taka þátt í starfinu. “Ég get nefnt verkefnið um kynslóðirnar saman, sem

verið hefur í gangi og byggist á því að ungmenni og eldri borgarar koma saman og eiga með sér góðar stundir og einnig það verkefni okkar að fá fólk sem býr við mikla félagsleg einangrun til þess að koma og deila geði með



Séð frá lóðinni þar sem skátaheimilið stóð austan Gerðubergs í átt að Fella- og Hólakirkju yfir það svæði sem rætt er um til bygginga þjónustuíbúða.

öðrum. Ég tel að okkur hafi orðið vel ágeng í þessum störfum en þau eru þess eðlis að þeim líkur aldrei. Þetta eru viðfangsefni sem stöðugt eru til staðar og þarf að vinna að á hverjum tíma og einnig verður að vinna þau með því hugarfari að betur megi gera.” Guðrún segir að á menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti í síðasta mánuði hafi glögg komið í ljós hversu mikill kraftur búi í fólki sem komið sé á efri ár. Dagskrá

hátíðarinnar rann áfram án nokkurra teljandi hnökra og þátttökan var meiri en fólk hafði grunað. “Við verðum að virkja þennan kraft á sama tíma og hlúa þarf að þeim sem þurfa nauðsynlega á aðhlyningu að halda. Því tek ég undir með Vilhjálmi borgarstjóra um hugmyndina að þjónustuíbúðum við Gerðuberg og Fella- og Hólakirkju og hvet hann eindregið til að beita sér fyrir að hún geti orðið að veruleika.”



Komdu í þægilegt og gott umhverfi

Mjóddin



# Tók guðfræðina fram yfir skipstjóran

Ólafur Jóhann Borgþórsson, guðfræðingur var vígður til prests við Seljakirkju á dögnum og er hann þriðji presturinn sem kemur til starfa við þá kirkju. Ólafur er Vestmanneyingur, var tíu sumur í sveit hjá afa sínum í Eyjafirði og lærði þá meðal annars svifflug á Melgerðismelum. Hann er aðeins 25 ára gamall og því með yngstu prestum landsins eða sá yngsti. Breiðholtsblaðið hitti Ólaf Jóhann að máli á dögnum í Seljakirkju og spurði hann m.a. af hverju hann hafi lagt guðfræðina og preststarfið fyrir sig.

## Tók guðfræðina fram yfir skipstjóran

“Ég hef alltaf verið tengdur kirkjunni og kynntist einnig guðræknin í uppeldi mínu. Ég var í sunnudagsskóla sem barn og fylgdist með kirkjulífi allt frá bernsku. Ég var þó ekki ákveðin í að gerast prestur framan af heldur stóð hugur minn til þess að verða skipstjóri þegar ég yrði stór. Ég skipti um skoðun fermingarvorið mitt. Í fermingarundirbúningnum fylgdist ég með starfi prestanna og byrjaði að starfa í æskulýðsfélaginu um svipað leyti. Þá varð ekki aftur snúið og ég ákvað að fara frekar í guðfræði en að gerast skipstjóri. Ég hélt mig síðan við þessa ákvörðun í gegnum framhaldsskólaárin þótt stöku sinnum hvarflaði að mér að fara í sálfræði eftir framhaldsskólann.” Hvað heillaði þig við prestsstarfið? “Ég held að það hlutverk hafi einkum hafi heillað mig að starfa með fólki á stórum stundum, gleðilegum sem erfiðum í lífi þess en áhugi á trúmálum átti einnig þátt í þessu vali mínu. Eftir að ég fór að vinna að æskulýðsstarfinu fann ég að trúin skipti fólki máli og ég fann líka hvernig hún skipti mig sjálfan máli í mínu daglega lífi. Ég hef oft fundið fyrir því að trúmál skipa stóran sess í samfélaginu sama hvað hver segi og hvernig umræðunni sé háttað á hverjum tíma.”

## Fimm ár voru fljót að líða

Ólafur segir að guðfræðin og sálfræðin ná báðar yfir mjög vítt



Ólafur Jóhann talar við unga kirkjugesti í Seljakirkju

fjölbreytt svið og þessi mikla fjölbreytni gerir þær áhugaverðar og spennandi. Þótt guðfræðin snúist einkum um trúfræði og biblíufræði þá sé einnig fjallað um heimspeki, sálfræði, sálfræðikenningar og siðfræði. “Þótt námið taki um fimm ár þá reyndist sá tími fljótur að líða og ég held að ég hefði getað verið önnur fimm ár í námi og alltaf fundið ný viðfangsefni á þessu sviði. Þetta er svo ótæmandi.” Ólafur segist hafa buist öðrum þræði við að um þurrt og leiðinlegt nám yrði að ræða þar sem endalaust yrði verið að skoða gríska og hebreska texta. Reyndin hafi orðið allt önnur. “Ég gerði ráð fyrir því þegar ég lauk náminu að yfir mig kæmi mikill feiginleiki yfir því að losna undan verkefnaskilum. En ég er búinn að skrá mig í nám á nýjan leik sem ég ætla mér að stunda jafnframt vinnunni. Þetta er nám í sálfræði barna og unglunga þannig að ég sé aftur fyrir mér verkefnaskil og próf.”

## Ungmennin lifa undir þrýstingi

Ólafur kveðst einkum ætla að snúa sér að þessu námi til að styrkja sig á því sviði. Hann kveðst einkum sinna barna- og ungmennastarfi fyrir Seljakirkju og því muni þetta nám geta komið

sér að góðum notum í daglegum störfum auk þess sem þessi mál fari almennt vaxandi í störfum presta. “Reynslan hefur sýnt nauðsyn þess fyrir börn og ungmenni hafi aðgang að einhverjum sem þau treysta þegar eitthvað bjátar á í lífi þeirra því vandamálin eru víða. Þau búa við mikinn þrýsting frá samfélaginu. Þrýsting um að falla í einhvern tiltekinn hóp eða að klæðast eftir ákveðinni línu eða tísku svo dæmi séu nefnd. Kröfurnar eru orðnar svo miklar og margar þeirra eru ósanngjarnar. Þess vegna er gott ef þau geta komið í kirkjuna þar sem hægt er að ræða við þau um hvað sé eðlilegt gildismat og sýna þeim fram á að þau þurfi ekki að verða við þeim kröfum sem þau upplifa frá umgengishópnum eða samfélaginu.” Ólafur segir tvær ólíkar ástæður liggja til þess að krakkar koma til kirkjunnar. Annars vegar er um að ræða þrýsting frá umgengishópnum, sem þeim finnst þau ekki geta staðið undir. “Hin ástæðan er einfaldlega að fólk vinnur mikið og lítill tími gefst fyrir samveru og fjölskyldulíf. Þetta hefur breyst mikið á tveimur áratugum. Áður fyrr unnu mæður minna úti. Ef til vill hálfan daginn og sumar alls ekki en nú er heimavinnandi fólk varla til ef frá er talið fólk sem er í tímabundnu fæðingarorlofi sem snýr þá að yngstu börnunum. Eldri börn og unglingar eru hins vegar í þörf fyrir fjölskyldulíf sem uppteknir foreldrar nú til dags hafa ekki alltaf tök á að sinna jafnvel þótt fullur vilji væri til þess.” Ólafur segir að þjónusta af þessu tagi komi aldrei í stað foreldra eða fjölskyldusam-

heldni en hún geti gefið börnum og ungmennum tækifæri til þess að ræða málin ef þeim líður illa eða finnst hlutirnir ekki vera eins og þau vildu.”

## Leiðtogaskóli í kirkjunni

Ólafur vann talsvert með námi og þá einkum við æskulýðs- og barnastarf. “Ég vann að æskulýðsmálum í fullu starfi í Vestmanneyjum í um hálf tveimur árum loknu stúdentsprófi og síðar með náminu í guðfræðinni. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þessum málum og starfað við sunnudagaskóla og að æskulýðsmálum. Nú síðast hef ég verið að vinna að áhugaverðu verkefni sem er leiðtogaskóli fyrir unglunga á aldrinum 15 til 18 ára. Með þessu verkefni er verið að verða framtíðarleiðtogar í kirkjunni.”

## Hlátur og grátur við jarðarfari

Ólafur segir að þótt hann hafi unnið svo lengi í tengslum við kirkjuna og sé nú tekinn við prestsstarfi þá eigi hann enn ýmislegt óreynt og eftir að afla sér praktískrar reynslu á ýmsum sviðum. Einkum eigi það við síðari endann á mannsæfinni. “Ég hef ekki fengið tækifæri til þess að jarða ennþá enda nýkominn með vígslu en það tækifæri hlýtur að gefast innan tíðar. Þótt ég hafi einkum unnið með börnum og yngra fólki þá er sá hluti kirkju-

starfsins, sem snýr að ævkvöldinu ekkert síður mikilvægur en uppeldisstarfið. Ég vann um tíma hjá Útfararstofu kirkjugarðanna og þar tókst maður aðeins á við hinn endann. Ég var stundum viðstaddur útfarir tvisvar og jafnvel þrisvar á dag og ég held að ég búi að þeirri reynslu sem þar fékkst þegar kemur að því að ég þurfi sjálfur að annast útför sem prestur.” Ólafur segir að jarðarfari séu að breytast. Það sé léttara yfir þeim en áður var. “Góður prestur sagði eitt sinn við mig að best væri þegar fólk gæti bæði grátið og hlegið við jarðarfari. Ég held að hann hafi haft nokkuð til síns máls. Sönghefðin hefur líka verið að breytast og nú er flutt mun fjölbreyttari tónlist við jarðarfari en áður þegar hún einskorðaðist nær eingöngu við sálmaðókina og hefðbundinn kirkjusöng. Mér finnst þetta í lagi og til góðs en vil einnig geta þess að sálmar sem innihalda mikinn vonarboðskap eru að mínu mati mikilvægir í útförinni. Einnig hafa verið gerðir textar með trúarlegu ívafi og jafnvel boðskap við léttari tóna. Trúlega er textinn “Í bljúgri bæn” eftir Pétur Þórarinnsson í Laufási, sem nú er nýlátinn einna þekktastur þeirra. Þar orti Pétur við amerískt þjóðlag og “country” áhrifin eru augljós. Þessi texti og lag hafa slegið í gegn í kirkjunni og við notum þennan söngtexta við miklu fleiri tilefni í kirkjustarfinu en jarðarfari,” segir Ólafur Jóhann Borgþórsson nýráðinn sóknarprestur við Seljakirkju.



**Brauðberg**  
BAKARÍ KONDITORI

Hraunbergi 4 • Sími 557 7272

Girnilegur  
granni  
í nágrenninu



Aðal skvísur bæjarins eru fluttar á hina frábæru hárgreiðslustofu Aþenu í Mjódd.

Hlökkum til að sjá gamla og nýja kúnna, Henrietta og Sigrún.

Við erum með opið frá kl. 09:00 til 18:00 alla virka daga og frá 10:00 til 14:00 á laugardögum.

**Aþena**

Pangabakka 10 • Sími: 557 2053

**SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS**

JAFNASALI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

**Ný og sóluð dekk á góðu verði**

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700  
Fax 587 4712





# Sendum Íþróttafélag bestu árnáðaróskir



Borgarstjórnarflokkur  
Sjálfstæðisflokksins



**Breiðholtsblaðið**

**Leiksport**  
Hólagarði



**HENS**

**Jói útherji**  
KNATTSPYRNUVERSLUN





# Reykjavíkur okkar á 100 ára afmælinu



bláðið



MARARON

ettó



SON



emmessis

TILÍF



## Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Ég vil byrja á því að tiltaka nokkur verk sem ég hef verið að lesa og/eða lesa yfir í lengri tíma. Fyrsta nefni ég bók sem er í raun safn nokkurra bóka og hefur enn ekki litið dagsins ljós á íslenskum bókaakri. Að bókinni kemur fjöldinn allur af ungum, íslenskum skáldum og nefnist hún Ljóðaflóðið Grotta en skiptist niður í Ljóðaljóðin, Fljóðaljóðin, Guðspjöll, Ljóðspjöll og Önnur spjöll. Bókinni ritstýrir aðfluttur kennari, Erlendur Berg, en þar sem hann glataði móðurtungu sinni fyrir löngu síðan, kviknaði áhugi hans á íslensktungu snemma, og sl. ár hefur hann safnað saman ljóðum, einkum frá nemendum sínum. Bókin er væntanleg einhvern tíma á næsta árinu.

Sömu sögu er að segja um næstu bók sem ég er að lesa yfir þessa dagana - hún er enn ekki fánleg í verslunum en mun verða það á haustmánuðum. Hún nefnist Biblía Gáfaða fólksins og hefur að geyma samansafn upplýsinga um hegðun, atferli, framkomu, skoðanir og almenna lífshætti Gáfumennisins. Bókin er mjög aðgengileg á allan hátt, sett upp í einföldu, stafrofsröðuðu uppfletti-formi og ætti að verða tilvalin fyrir alla þá sem áhugasamir eru um snilligáfu og snillingana sjálfa. Biblíuna ritar áður óþekktur Guðspjallakall.

Þá ber að nefna fjögur hefti sem ég las í bókmenntasögu í Háskólanum fyrir ári og hef síðan þá ekki getað lagt þau alveg frá mér. Heftin geyma úrval bókmennta-perlna, frá upphafi ritaldar, en



Gísli Hvanndal.

sumar hverjar hafa aldrei áður komið upp úr skúffum þýðendanna. Af verkunum má nefna: Gilgameskviðu, Söguna af Dáfnis og Klói í frábærri þýðingu Friðriks Þórðarsonar og brot úr Játningum eftir Rousseau (í þýðingu minni síðast þegar ég vissi). Með tíð og tíma er ætlunin að koma út stóru riti með úrvali heimsbókmenntanna ásamt upplýsingum um höfunda, vitanlega allt á íslensku. Slíkt verk verður vissulega mikill fengur fyrir alla læsa Íslendinga. En síðasta af þeim bókum sem ég glugga nánast daglega í og hver Íslendingur ætti að vita af, nefni ég einfaldlega Orðabók Háskólans á netinu, á slóðinni [www.lexis.hi.is](http://www.lexis.hi.is). Sjálfur á ég því miður engan heildur af henni!

Ég get nú ekki endaþ þennan litla pistil án þess að segja lítillga frá þeim tugum bóka sem ég hef keypt upp á síðkastið í ónefndri

gullnámu hér í borg, að ógleymdu úrvali úr hinu frábæra Þórbergssafni sem panta má í gegnum Bóksölu Stúdenta. Ég hef verið að bæta við hilluplássið í herbergi mínu og hefur mér nú tekist að fylla það með miklum gullmolum, bæði fagurbókmenntum og rit-söfnum snillinga, á borð við Marx, Engels, Dr. Helga Pjeturss spírísti og svo auðvitað Þórbergss. Áhuguverðasta bókin, sem ég hef fundið er hins vegar tæplega 40 ára gamalt fræðirit sem nefnist í íslenskt þýðingu Allt sem þú hefur viljað vita um kynlífið \*en þorðir ekki að spyrja um. Þar má finna skemmtilegan fróðleik um liðinn tíma og tíðaranda, sem ég gæti aldrei grafið upp úr öldnum frænkum, já eða frændum, svo ég tali nú ekki um alls kyns sígilda rúmfræði sem erfitt væri að læra, jafnvel með góðan feng úr miðbæ Reykjavíkur. Merkilagast er það sem höfundurinn, David Reuben, hefur um kynvillinginn að segja: „Kynvillingur kemur inn á karlasalerni og sér annan kynvilling. Annar krýpur á kné en hinn opnar buxnaklaufina og eftir nokkrar mínútur er allt afstaðið. Engin nöfn, ekkert andlit, engar tilfinningar. Sjálfsfróunarvél myndi leysa verkið betur af hendi.“

Þar sem ýmislegt af lesefni mínu fór forgörðum hér, bendi ég á framhald á [www.vefarinnmikli.blog.is](http://www.vefarinnmikli.blog.is) ef áhugi er fyrir hendi.

Að lokum sendi ég boltann yfir til Gunnars Jónssonar, tæknimanns með miklu meiru, og efast ég ekki um að hann geti frætt þig, lesandi kær, um undursemdir vísindaskáldskapar.

## Elliði færir Barna- og unglíngageðdeild gjöf

Kiwanisklúbburinn Elliði færði Barna og unglíngageðdeild Landspítalans ýmis afþreyingartæki að gjöf 14. febrúar síðastliðinn. Verðmæti þessara tækja er um 300.000.00 krónur.

Í fréttatilkynningu frá Elliða segir að Barna- og unglíngageðdeildin sé í mikilli þörf fyrir stuðning

og einhverra hluta vegna sé hún eins og olnbogabörnin í ævintýrunum sem engin vill sjá eða heyra. Í fréttatilkynningunni kemur einnig fram að kiwanisklúbburinn Elliði hefur í hyggju að styðja deildina áfram og vonar að fleiri finni hjá sér þörf til að gera slíkt hið sama. Þá segir að félagar í

kiwanisklúbbnum Elliða búi því miður ekki yfir töframætti Álfkonunnar góðu, en það er hugsanlegt að þeir og vonandi einhverjir fleiri geti komið í hennar stað og séð til þess að þessi nauðsynlega stofnun fái að njóta sannmælis.



Elliðafólk sem færði Barna og unglíngageðdeildinni gjöfina.

### ELDRI BORGARAR OG AÐRIR

Tek að mér ýmsar smáviðgerðir í heimahúsum



Sími: 899 8782



Quiznos SUB

fjölskyldu-  
matsölustaður  
Nýbýlavegi 32

Rennibraut



Nemendur voru mjög ánægðir á Sælundögum FB og tóku þátt í ýmsum hópastarfi.

## Sæla út í eitt!

Í síðustu viku voru hinir árlegu Sælundagar haldnir í FB, en þá var brugðið út af hefðbundinni kennslu og kennt með „öðrum hætti.“ Sérstök sælundaganefnd, skipuð kennurum og nemendum skipulagði dagskrá sem stóð yfir í tvo daga. Sælundögum lauk svo með árs hátíð nemenda.

Á Sælundögum var boðið upp á margvíslegt hópastarfi og var öllum nemendum skólans skylt að skrá sig í þrjá hóp. Segja má að fjölbreytileikinn hafi verið allsráðandi þegar kom að hópunum. M.a. var boðið upp á breikdans, keilu, lyftingar, snyrtikynningu, bíómaráðon, gönguferðir, námskeið í að hætta að reykja, kajakferð, ferðir í Bláa lónið og í Draugasetrið, farið var í playstationleiki, haldið var skákmót og nemendur fóru á svokallað „hrað-stefnu-

mót” að erlendri fyrirmynd.


Á sælundögum starfræktu nemendur á Starfsbraut skólans kaffihús og þar lék önnur af kennarahljómsveitum skólans, Blakbandið ljúfa tónlist. Meiri hávaði var í hinni hljómsveit skólans, Rock off, en hún er skipuð þremur kennurum og þremur nemendum skólans. Sú hljómsveit lék lög Rolling Stones, Clash, Radiohead o.fl. í matsal nemenda.

Nemendur skráðu sig í hóp á sælundögum alfarið í gegnum tölvukerfi sem nemendur á Upplýsinga- og tæknibraut skólans bjuggu til og ljóst að nemendur geta unnið að raunhæfum, erfiðum og áhuga-verðum verkefnum. Að loknum sælundögum tekur svo hversdagsleikinn við. Sælundagarnir eru fastur punktur í tilveru nemenda á vorin og kærkomin tilbreyting í skólalastarfinu.



Kennara/nemendahljómsveitin Rock off lék sígild rokklög fyrir nemendur, en í hljómsveitinni eru þrír kennarar og þrír nemendur.

## Líkamsrækt fyrir konur Betri heilsa á 30 mínútum



Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagskapur.

Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að greinnast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves

The power to amaze yourself™

Fyrir allar konur

Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu

50% afsláttur af þjónustugjaldi

Curves, Bæjarlind 12 - Sími 566 6161 - [curves@simnet.is](mailto:curves@simnet.is)

# Heilsugæslan áfram í Mjódd



Visahúsið í Mjóddinni þar sem höfuðstöðvar heilsugæslunnar í Reykjavík eru komnar til að vera.

Beinn kostnaður við flutning heilsugæslunnar úr Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg í nýtt húsnæði, sem er að miklu leyti í Mjóddinni í Breiðholti en einnig á Landsspítala Háskólasjúkrahúsi er um 60 milljónir króna. Þá er talið að röskun á starfsemi hennar vegna flutninganna hafi kostað um 20 milljónir króna. Þetta kom fram í svari Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman á

Alþingi fyrir skömmu.

Árni sagði að ekki komi til álita að ríkið kaupi aftur húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar sem selt var á síðasta ári en eignarhlutur þess í húsnæðinu var 60% á móti 40% eignarhluta Reykjavíkurborgar. Árni kvað húsið hafa verið selt að vel athuguðu máli og húsnæðismál heilsugæslunnar leyst með ágætum hætti. Húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg var selt til fyrirtæks

isins Mark-Húss fyrir 980 milljónir króna og leigði fyrirtækið heilsugæslunni það á meðan unnið var að því finna heilsugæslunni nýtt húsnæði. Nú hefur Mark-Hús selt Heilsuverndarstöðina og samkvæmt fréttum hafa nýir eigendur hugmyndir um að breyta henni í hótél. Hugmyndir um að heilsugæslan flytji til baka í Heilsuverndarstöðina verða því ekki að veruleika.



Gluggar eru birgðir í húsnæði því sem Háspenna ætlaði að koma spilasalnum á fót. Búið var að innrétta húsnæðið að einhverju leyti með starfsemi spilasarans fyrir augum en nú er ljóst að það verður tekið til annarra nota.

## Háspenna keypt í burtu úr Mjóddinni

Samkomulag er um að Reykjavíkurborg greiði Háspennu á bilinu 25 til 30 milljónir króna í skaðabætur fyrir að hætta við að koma á fót spilasal í verslunarmiðstöðinni í Mjóddinni. Því verður ekkert af starfsemi Háspennu á þessum stað.

Eins og kunnugt er hefur ákvörðun um að opna spilasal á vegum Háspennu í húsnæði sem ÁTVR hafði áður verið í verslunarmiðstöðinni í Mjódd verið mjög umdeild. Verslanaeigendur í Mjóddinni og íbúasamtök í Breiðholti létu í ljós ákveðna andstöðu við þessa starfsemi og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri sagði fyrir í vetur að starfsemi sem þessi væri óforsvaranleg í verslunarmiðstöð sem fjölsótt væri af fjölskyldufólki. Hann tók fram í því sambandi að Hapdrætti Háskólans væru ekki að brjóta skipulagsreglur með því

að veita Háspennu heimild til að reka spilasal fyrir starfsemi sína í Mjóddinni en Háspenna byggir starfsemi sína á spilakössum í eigu happdrættisins. Hann sagði að félagið ætti lagalegan rétt á að reka spilasal á þessu svæði og því kynni borgin að baka sér skaðabótaskyldu ef ekkert yrði af rekstrinum. Í framhaldinu skipaði borgarráð starfshóp í janúar sem ætlað var að fara yfir málefni spilakassa í borginni og rekstur þeirra og hafnar voru viðræður við Hapdrættið um lausn mála. Samkvæmd heimildum Breiðholtsblaðsins verður ekki opnaður spilasalur í Mjóddinni og Reykjavíkurborg mun áforma að kaupa umrætt húsnæði fyrir 92 milljónir króna. Auk peningagreiðslu mun Háspenna fá lóð í Vesturbænum í Reykjavík í skiptum fyrir að láta af hugmyndum um opnun spilasaral í Mjóddinni.

## Áhugafólk um íþróttir eldri borgara

Félag áhugafólks um íþróttir eldri borgara undir stjórn Guðrúnar Nilsen verður með æfingar í aðstöðu félagsstarfsins í Gerðubergi alla miðvikudaga

kl. 10.30. Þá er félagið að fara af stað með lancier og hyggst taka þátt í landsmóti Ungmennafélags Íslands sem verður haldið í Kópavogi á komandi sumri.

Enn vantar pör og einnig staka karmenn til þátttöku í lancier. Upplýsingar um þetta eru gefnar hjá félagsstarfinu í Gerðubergi. Síminn er 575 7720.

# Hólagarður

**art**  
**innrömmun**

Lóuhólum 2 - 6, Hólagarði  
Símar: 567 5300 & 897 9810

Vönduð tískuföt á góðu verði  
Stærðir 36 - 50

**Vefta**  
**Tískuföt**

Hólagarði - 557 20 10  
[www.vefta.is](http://www.vefta.is)



Hólagarði - Lóuhólum 2 - 6  
S: 557 5959

Blómin gleðja

**Blómabúð**

**Michelsen**

Sími: 557 3460

Mán. - Fimt. 10 - 19  
Föstudaga 10 - 20  
Laugardaga 10 - 19  
Sunnudaga 13 - 16

**Persónuleg**  
**þjónusta og**  
**þægilegt umhverfi**

**Apótekið**  
lægra verð

**ÝR**  
HÁRSNYRTISTOFAN  
HÓLAGARÐI

Sími  
557 2653

Boltinn í beinni  
Lifandi tónlist  
um helgar



S: 567 8444  
Krá • Sportbar  
Smurbrauðstofa • Snittur  
**Gullnáman**

Sportvörur • Leikföng • Rífföng

**Leiksport**  
Hólagarði

Sími: 557 5020

**BONNIS**  
býður betur

**reinn**  
efnalaug & þvottahús  
síðan 1975

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úrvali

Snyrtivöruverlsunin

**Mana's**

Sími: 557 1644

## Sundfélagið Ægir

## Ungir Ægiringar í góðu formi á gullmóti

Gullmót KR fór fram í Laugardalslaug helgina 23. til 25. febrúar en þetta er eitthvert fjölmennasta sundmót sem haldið er ár hvert hér á landi. Mótið var mjög vel heppnað og stór skemmtileg útsláttarkeppni í 50 metra flugsundi fór fram á laugardagskvöldið. Árangur helgarinnar var sérlega góður hjá yngri sundmönnum hjá sundfélaginu Ægi, en þau eldri voru mjög þreytt eftir harðar æfingar undanfarnar vikur og árangurinn eftir því.

Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi sigraði í stigakeppni einstaklinga í meyjaflokki og Sveinbjörn Pálmi Karlsson einnig úr Ægi varð annar í sveinaflokki. Þessi tvö sigruðu svo í sínum flokki í 50 metra flugsundi á KR- super challenge á laugardagskvöldinu. Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir Ægi varð í öðru sæti í útsláttarkeppninni og synti á mjög finum tíma 28,74 en með sigur af hólmi fór króaška sundkonan Sanja Jovanovic. Örn Arnarson SH sigraði í útsláttar-

keppni karla.

Í árangursgreiningu frá Gullmóti KR er sérstaklega gaman að skoða árangur sundmanna í 11 til 12 ára aldursflokki. Í þeim flokki syntu þrír sveinar, Ægir Benediktsson, Sveinbjörn Pálmi Karlsson og Einar Gunnlaugsson og í meyjaflokki Eygló Ósk Gústafsdóttir. Þessir fjórir sundmenn voru 11 snum í fyrsta sæti og er það 33.3% af þeim sundum sem þau syntu alls eða 33 sund. Þau settu ótal mótismet einnig. Þetta er alveg frábær árangur hjá þessum ungu sundmönnum og er framtíðin björt hjá þeim ef þau halda áfram að æfa vel.

Helgina 19. til 21. mars fer fram Íslandsmeistararnótið í 50 metra laug og gaman verður að fylgjast með hinum ungu og efnilegu sundmönnum landsins en á sama tíma eru stórfiskarnir, Jakob Jóhann Sveinsson, Örn Arnarson og Ragnheiður Ragnarsdóttir undirbúa sig fyrir heimsmeistararnótið í 50 metra laug sem fram fer í Ástralíu.



Eygló Gústafsdóttir á palli ásamt tveimur öðrum sigursælum sundstúlkum.



Sveinbjörn Pálmi Karlsson stóð sig frábærlega í flokki 11 til 12 ára, hann sigraði í fjórum af þeim sex greinum sem hann synti, hann synti m.a. 200 metra flugsund á 3,07.20 en þetta þykir án efa með erfiðari keppnisgreinum.

## Kosningavetur III

## Vinstri grænir og Samfylking

Nokkur tíðindi yrðu ef Vinstri grænir og Samfylkingin yrðu álíka stórir stjórnmálaflokkar að kosningum loknum og VG öllu stærri eins og nýlegar skoðanakannanir benda til. Trúlega myndu þessir flokkar reyna stjórnarmyndun ef þessi staða kæmi upp. Þó má velta sér hvort slík stjórnarmyndin tækist og einnig hvort stjórn þessara flokka yrði langlíf.

## Evróuflokkur og Evrópuandstaðingur

Samfylkingin er Evróuflokkur sem vill ganga til liðs við Evrópusambandið og taka Evruna upp sem gjaldmiðil. Vinstri grænir eru alfarið á móti EB aðild og Evru og nálgast þjóðernissinnuð sjónarmið í þeim efnum. Vinstri grænir eru einnig flokkur pólitísks réttlátunnar og forræðishyggju sem vill að þjóðlífið lúti mikilli opinberri forsjá. Þótt finna megi forræðishyggju innan Samfylkingarinnar þá er um mun meira frjálshyggju að ræða innan hennar raða enda talsvert af miðjuafnaðarmönnum í anda Tony Blair sem aðlagði Thatcherismann breska að jafnaðarstefnunni á sínum tíma. Innan Samfylkingarinnar er stemming fyrir áframhaldandi útrás atvinnulífsins til annarra landa og efla landið sem viðskiptamiðstöð en Vinstri grænir vilja draga úr henni og jafnvel að búa svo um að bankar og stærri fjármálfyrirtæki hverfi úr landi með starfsemi sína. Annar flokkurinn er útrásarfokkur en hinn hallast að einangrunarsjónarmiðum sem einkenndu þjóðlíf Íslendinga allt fram á síðasta áratug liðinnar aldar.

## Þrengt að Samfylkingunni

Ef niðurstöður nýlegra skoðanakannana verða að veruleika má gera ráð fyrir því að Vinstri grænir krefjist forsætisráðuneytisins og það sem lengst af hefur verið talið óhugsandi að Steingrímur J. Sigfússon verði forsætisráðherra. Yrði það þungur biti fyrir Samfylkinguna að kyngja sem þegar á augljóslega í vanda. Forysta hennar hefur brugðist við því með að taka upp stefnumál Vinstri grænna, m.a. í stóriðjumálum og lagt til að slá öllum framkvæmdum í þeim málum á frest. Mið- og vinstri kratar í Samfylkingunni takast einnig á. Síðla í febrúar virðist hafa verið gefin tilskipun um raðskrif í dagblöð til stuðnings Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni, sem sögð var liggja undir einelti.



Þessi stuðningsgreinahrina fór af stað nokkru eftir að Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrum foringi jafnarðarmanna og ráðherra, reyndi að jarðsyngja forystu Samfylkingarinnar í Silfri Egils á Stöð 2.

## Stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar

Ýmsir hafa gert sér það til gamans að undanförunu að skrifa upp ráðherralista ríkisstjórnar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar og hafa mismunandi útgáfur birst öðru hvoru á bloggsíðum. Þessi útgáfa er svipaðar gerðar nema gert er ráð því að Steingrímur J. verði forsætisráðherra en ekki Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þess er einnig gætt að hafa jafn marga karlar og konur á listanum í samræmi við jafnréttishugmyndir þessara flokka.

Forsætisráðherra: Steingrímur J. Sigfússon VG.  
 Utanríkisráðherra: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir S.  
 Fjármálaráðherra: Ögmundur Jónasson VG.  
 Iðnaðarráðherra: Gunnar Svavarsson S.  
 Menntamálaráðherra: Katrín Jakobsdóttir VG.  
 Sjávarútvegsráðherra: Óssur Skarphéðinsson S.  
 Landbúnaðarráðherra: Jón Bjarnason VG.  
 Heilbrigðisráðherra: Steinunn Valdís Óskarsdóttir S.  
 Dómsmálaráðherra: Álfheiður Ingadóttir VG.  
 Félagsmálaráðherra: Jóhanna Sigurðardóttir S.  
 Umhverfisráðherra: Kolbrún Halldórsdóttir VG.  
 Samgönguráðherra: Kristján Möller S.

## Gömul brýni og nýliðar

Þarna má bæði sjá gömul brýni og nýliða. Kynjakvótaskipting

gæti t.d. valdið því að Atli Gíslason næði ekki að verða dómsmálaráðherra þótt hann sé næsta augljóst dómsmálaráðherraefni flokksins sæktist Jón Bjarnason fast eftir að verða landbúnaðarráðherra og Steingrímur J. eftir að koma sínum manni í það embætti sem hann sjálfur gegndi fyrir löngu. Verði styrkur VG umtalsvert meiri en Samfylkingarinnar er líklegt að Ögmundur Jónasson geri kröfu um eitt af þungavigtarráðuneytum en láti sé ekki heilbrigðis- og tryggingarmálin duga. Gera má ráða fyrir að Kristján Möller myndi sækjast fast eftir samgönguráðuneytinu auk þess sem landsbyggðarþingmaður Samfylkingarinnar af Norðurlandi yrði að fá ráðuneyti og Kolbrún Halldórsdóttir er nánast sjálfsskipuð í embætti umhverfisráðherra. Gunnar Svavarsson er oddviti Samfylkingarinnar í sterkasta vígi hennar Hafnarfirði auk þess að vera verkfræðimenntaður og því sniðin að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þótt hann hafi ekki setið á þingi áður. Steinunn Valdís er sjálfsgaet ráðherraefni í krafti reynslu sinnar sem borgarstjóri og ekki má gleyma Jóhönnu sem eflaust myndi fagna endurkomu í sitt gamla ráðuneyti.

## Standa í vegarkantinum

Svo virðist sem forystumenn annarra stjórnmálaflokka standi agndofa yfir niðurstöðum skoðanakannanna að undanförunu. Viðbrögðin virðast einna helst þau að reyna að elta Vinstri græna í ýmsum sjónarmiðum og taka þau upp sem sín mál fremur en að svara fullum hálsi. Eins og staðan er í dag er engu líkara en að hinir stjórnmálaflokkarnir standi í vegarkantinum með öndina í hálsinum og horfi með aðdáun á hraðlest Vinstri grænna þegar hún brunar framhjá.

## Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi og formaður Borgarmálaráðs Samfylkingarinnar skrifar:

## Jöfn tækifæri í Reykjavík

Á síðasta kjörtímabili var tekin ákvörðun um að bæta þjónustu við fatlaða Reykvíkinga. Ferðaþjónusta fatlaðra er á vegum borgarinnar og sér um að flytja fatlaða borgarbúa á milli staða, íbúa sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna.

Skrefið sem ákveðið var að stíga, var að gefa fötluðum kleift að panta sér ferð samdægurs, með þriggja klukkustunda fyrirvara og geta þannig tekið ákvörðun um það í hádeginu vilji þeir bregða sér af bæ í eftirmiðdaginn.

Áður höfðu reglurnar sagt til um að panta þyrfti ferðir með dags fyrirvara.

Baráttusamtökin Sjálfshjálp, Öryrkjabandalag Íslands og Landsamtökin Proskahjálp unnu í nánú samstarfi við Velferðarráð á síðasta kjörtímabili að þróun þjónustunnar og lýstu yfir ánægju með það frelsi sem fatlaðir öðluðust þegar þeir

gátu pantað sér ferðir með stuttum fyrirvara.

Í Mannréttindastefnu borgarinnar segir: „Unnið skal markvisst að því að gera fötluðum kleift að taka virkan þátt í borgarsamfélaginu.“ Einnig segir í sömu stefnu: „Fatlaðir eigi jafnan aðgang að þjónustu og ófatlaðir.“

Núverandi meirihluti borgarstjórnar hefur nú ákveðið að stíga skref til baka frá því sem samþykkt var á síðasta kjörtímabili. Draga á til baka að allir fatlaðir einstaklingar sem njóta ferðaþjónustu fatlaðra geti pantað ferðir samdægurs. Þó kemur hluti samkomulagsins til framkvæmda 1. maí 2007, þeir sem bundnir eru hjólastól og þeir sem illmögulega geta nýtt sér almenna leigubíla fá samdægurs þjónustu en þetta er bara um þriðjungur þeirra sem nota þjónustuna.

Þeir sem falla undir þennan flokk

þurfa að greiða fyrir þjónustuna 500 krónur aukalega. Bíóferðin verður því býsna dýr fyrir þennan hóp Reykvíkinga sem seint verður talin með þeim efnameiri.

Hagsmunasamtök fatlaðra hafa ítrekað lýst yfir óánægju sinni með að áður samþykkt samkomulag sé dregið til baka. Í ár er Evrópuár jafna tækifæra. Fatlaðir í Reykjavík fá kaldar kveðjur frá borgaryfirvöldum í byrjun þess árs.



Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

## Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Lífflugningar

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)



## TIL UMHUGSUNAR

Ólafur Jóhann Borgþórsson prestur í Seljakirkju

# Ísland - best í heimi?

Við Íslendingar erum þess fullvissir að bestu búsetuskilyrði séu hér á landi. Mengun er hér lítil, vatnið tært, þjóðin góð, börnin glöð og svo mætti lengi telja. Yfirleitt er þessum fullyrðingum skellt fram án frekari rökstuðnings og oft byggðar á tilfinningum eða þjóðerniskennd einni saman. Það er því gott og gagnlegt þegar hlutlausar rannsóknir eru gerðar á stöðunni hér á landi og þær bornar saman við stöðuna í nágrannaríkjum.

Í síðasta mánuði kynnti Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna nýja skýrslu þar sem er að finna niðurstöðu slíkra rannsókna sem tóku fyrir stöðu barna í ríkustu löndum veraldar. Þegar Ísland er skoðað sérstaklega í samanburði við önnur er land er margt merkilegt sem kemur í ljós. Við getum að mörgu leyti verið stolt af þeim aðstæðum sem við bjóðum unga fólkinu upp á, íslensk börn eru mjög heilsuhaust miðað við börn í samanburðarlöndunum, tíðni ungabarnadaða er langlægst hér, menntun hefur aukist frá fyrri árum og níu af hverjum tíu íslenskum unglinum neyta oft í viku máltíðar með foreldrum sínum. Þar eru okkar ungmenni í öðru sæti, á eftir Ítölum sem eru einmitt þekktir fyrir sterk fjölskyldutengsl.

Hins vegar birtir skýrslan okkur einnig nokkra neikvæða þætti, sem eru verðir umhugsunar. Aðeins 40% íslenskra ungmenna eiga reglulegar samræður eða spjalstundir

við foreldra sína. Í samanburði við 27 önnur lönd, nýtur Ísland þess vafasama heiðurs að vera í fimmta neðsta sætinu á listanum, einungis foreldrar í Þýskalandi, Rússlandi, Lettlandi og Ísrael gefa sér minni tíma til viðræðna við börn sín. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur einnig fram að mun fleiri 15 ára ungmenni eru einmanna hér á landi og „utangátta“ en jafnaldrar þeirra í samanburðarlöndunum. Það má gera ráð fyrir að orsakasambandi sé á milli þessara tveggja þátta, þær fáu stundir sem foreldrar verja með börnum hafi áhrif á hvernig börnunum líður í daglegu lífi.

En hverjar skyldu orsakir vera fyrir því að börn og foreldrar hér á landi verji svona litlum tíma saman í spjalli og skemmtun? Það er jú ljóst að íslenskt þjóðfélag hefur breyst á undanförunum árum og áratugum. Byggðapróun og breyttir atvinnuhættir hafa breytt meira en margan grunar. Af þeim sökum hafa orðið talsverðar breytingar á fjölskylduháttum og fjölskyldugerð á þann veg að tengsl foreldra og barna eru mun minni og flóknari en í gamla sveitasamfélaginu. Keppni eftir veraldlegum gæðum hefur aukist, íslenskir foreldrar vinna meira en flestir aðrir og því er tíminn takmarkaður til samskipta og góðra stunda inni á heimilinu. Einn angí þessara breytinga birtist svo í aukinni tækni- og tölvunotkun barna og ungmenna sem hefur geysileg áhrif á samskipti innan fjölskyldna.

Þrátt fyrir alla jákvæða þætti sem tölvur og tækni bera með sér, skapa þau ákveðin vandamál eins og fréttir síðustu misseri um netfíkn unglunga hafa sýnt okkur.

Í ljósi stöðunnar er eðlilegt að velta upp mögulegum lausnum á vandamálinu, því það hlýtur jú að vera hagsmunamál allra að atlæti og líðan íslenskra barna og unglunga sé sem best. Hér væri auðveldast að segja að foreldrar þyrftu einfaldlega að fækka vinnustundum og nýta tímann til að hlúa betur að börnum sínum. Það er þó hægra sagt en gert, enda eru fáir sem ráða sjálfir sínum vinnutíma og oft er erfitt að segja nei við yfirvinnu, bæði af fjárhagslegum ástæðum og eins gagnvart vinnufélögunum þar sem einhver þarf jú að sinna vinnunni. Fyrir nokkrum árum setti Þórhallur Heimisson fram athyglisverða og jafnvel vel framkvæmanlega hugmynd um úrlausn. Lausnin felst í því að móta jákvæða fjölskyldustefnu á hverjum vinnustað. Með því væri hægt að brjóta upp neikvæðan vítahring vinnu og fjölskyldu sem kemur niður á öllum þegar til lengdar lætur. Íslenskir foreldrar eiga það sammerkt með foreldrum um allan heim að börnin eru dýrmætustu gjafir þeirra og þeir vilja gera þeim allt hið besta. Foreldrar og fyrirtæki ættu því að taka höndum saman til að vinna að slíkri stefnu, samfélaginu til heilla, börnunum til blessunar.



Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Nicole Michelangeli, sendiherra Frakklands á Íslandi og Guðrún Kristjánsdóttir, kona Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra á menningarhátíð.

## Rúmlega 500 leikskólabörn sungu

Rúmlega 500 leikskólabörn sungu þegar Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands leiddi fjöldasöng í Austurbergi á Breiðholtstíðinni nýverið. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri, og Nicole Michelangeli, sendiherra Frakklands, á Íslandi tóku einnig lagið ásamt eldri borgurum víðsvegar úr Reykjavík.

Sungið var Meistari Jakob á íslensku og frönsku í tilefni af samstarfi Vetrarhátíðar og frönsku menningarhátíðarinnar Pourquoi pas sem báðar hófust í gær. Viðburðurinn var einnig hluti af Breiðholtshátíðinni - menningar-

hátíð eldri borgara. Borgarstjóri setti hátíðina og Nicole Michelangeli, sendiherra Frakklands, flutti ávarp þar sem hún hvatti alla til að læra frönsku. Óli Geir Jóhannesson, danskennari, stýrði börnunum í dansi og söng. Hátíðinni lauk með flutningi skólahljómsveitar Austurbæjar á nokkrum lögum. Óhætt er að segja að allir hafi haft gaman að.

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

## SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara



**LÖÐUR**

miðstöð bílaunnenda  
sími 544 4540 | www.lodur.is

Tökum bíla á  
35x12,5 tommu  
dekkjum

Gældu við bílinn með léttum  
og mjúkum svampburstum  
aaaahhhhhh!

## Sundfélagið Ægir

# Gregory Cattaneo sundkennari Ægis er yngsti kennari Háskóla Íslands

Sundfélagið Ægir hefur verið með regluleg skriðsundsnámskeið, framhaldsnámskeið og æfingahóp fyrir fullorðna í Laugardalslauginni í vetur. Á námskeiðunum er farið í grunnatriði allra sundgreina og mikil áhersla lögð á sundfærni, tækni og úthald. Kennarinn er ekki af lakara taginu það er fyrrverandi sundmaður í Franska unglingalandsliðinu í sundi Gergory Cattaneo.

Æfingahópurinn æfir á mánu dags og miðvikudagskvöldum í Laugardalslaug og þátttakendurnir eru afskaplega ánægðir með kennsluna og farnir að spreyta sig í flugsundi, snúningu og stungum auk náttúrulega fínþússunar á bringusundinu, skriði og alvöru baksundi En meira um kennarann. Greg er ungur að aldri aðeins 22ja ára sem er ótrúlegt miðað við feril hans. Hann kom til Íslands fyrir tveimur árum til að kynna vikingaæðli landans og leggja stund á íslenskar fornbókmenntir við Háskóla Íslands. Gregory lauk mastersnáminu 2006 með fyrstu einkunn og á sama tíma kláraði hanna mastersverkefni í fornsögu frá Sorbonne Háskólanum í París og hlaut hæst einkunn nemenda frá skólanum 2005 til 2006 og samtímis þessu var hann á Íslandi og þjálfar framtíðar sundmenn hjá sundfélaginu Ægi. Í vetur hefur hann verið að vinna að þriðja mastersverkefninu sínu sem snýr að fornleifafræði sem hann vinnur á íslensku. Hann er ákaflega ánægður með vistina og námið í Háskólanum og líkar vel hugsunarátturinn hér. Greg hefur mestan áhuga á vikingatímanum og vikingafræðum og stefnir á doktorsverkefni í þeim og fornleifafræðum einhverstaðar á Norðulöndunum sem fyrst. Gregory var ráðinn stundakennari í Háskóla Íslands í frönskum bókmenntum í vetur og er yngsti kennari skólans. Tungumálaþekking hans er stórbrotin



Gregory Cattaneo sundkennari hjá Ægi og stundakennari við Háskóla Íslands.

en hann talar auk móðurmálsins; ensku, spænsku, ítölsku, latínu, forngrísku, forn-norsku, frönsku og ensku, egyptsku og getur lesið norsku og sænsku. Önnur áhugamál eru veiðar í vatni og köfun.

Bakgrunnur Gregs í sundi er ekkert síður stórbrotinn en í 15 ár keppti hann í sundi auk þess sem hann hefur yfirgripmikla þekkingu á sundþjálfun á öllum sviðum og er með nokkurskonar háskólapróf

á því sviði. Sundnemendur hans eru sammála um að kennslan sé frábær og það sé ekkert leiðinlegt við sundtíma hjá svona ungum og efnilegum sundkennara. Fyrir þá sem vilja nota tækifærið þá er eitt sundnámskeið eftir hjá Gregory í vetur en það hefst 11. apríl. Upplýsingar og skráning hjá Greg í síma 865 4267.

## ÍR sýning í gamla ÍR-húsinu í Árbæjarsafni í sumar

Í tilefni af aldarafmæli Íþóttafélags Reykjavíkur mun Minjasafn Reykjavíkur í samvinnu við ÍR bjóða upp á sýningu um sögu Íþóttafélagsins í Árbæjarsafni í sumar.

Árbæjarsafn fagnar hálfra aldar afmæli í sumar og líkt og flestir væntanlega vita er hús sem mörgum ÍR-ingum ætti að vera kunnugt - gamla Íþróttahúsið af Landakots-hæðinni varðveitt í Árbæjarsafni. Mikil og flókin viðgerð hefur farið fram á húsinu, sem nú sér fyrir endann á og stefnt er að því að húsið verði opnað almenningi í byrjun sumars. Í tilefni þess er við hæfi að hafa þar sýningu sem tengist 100 ára sögu ÍR. Jafnframt því er stefnt að svo kölluðum „ÍR-degi“ í Árbæjarsafni um miðjan júlí, það er að segja sunnudegi þar sem saga ÍR verður í forgrunni

og boðið verður upp á fræðslu og leiki.

Nú þegar hefur vinna við ÍR-sýninguna hafist og segja má að hin glæsilega sögubók liggi til grundvallar verkinu. Þá er einnig á döfinni að leita eftir ýmsum heimildum og gripum sem kunna að leynast í fórum gamalla ÍR-inga og gætu átt erindi á sýninguna. Hér með eru því allir ÍR-ingar hvattir til þess íhuga hvort þeir eigi einhverja merka gripi sem þeir annað hvort vilja gefa til Minjasafns Reykjavíkur, ellegar lána á sýninguna í sumar.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Guðbrand Benediktsson eða Gerði Róbertsdóttur hjá Minjasafni Reykjavíkur - Árbæjarsafni, í síma 411 6304 eða senda tölvupóst á netfangið minjasafn@reykjavik.is

## Líf og fjör á morgunæfingum

Líf og fjör var í Seljaskóla upp úr klukkan sex um morguninn þann 6. mars sl. þegar um 30 hressir strákar í 3., 4. og 5. flokki mættu á fyrstu morgunæfinguna undir stjórn Ásgeirs Elíassonar, Sigurðar Þóris Þorsteinssonar og Jakobs Hallgeirssonar. Salnum var skipt í þrenn og tóku þeir hver sinn hópinn í fyrstu grundvallaræfingarnar, leiðbeindu og löguðu það sem bæta þurfti.

Þessir áhugasömu piltar víla það ekki fyrir sér; þ.e. bæði þjálfarar og leikmenn, að rífa sig á fætur snemma á morgnana til þess að takast á við undur knattspyrnunnar. Að æfingu og sturtu lokinni tók við hollur og góður morgunmat, því það er lítið gagn af æfingum ef ekki er hlaðið réttum næringarefnum og orku á líkamann. Svo voru allir mættir í skóla eða vinnu



Þjálfararnir að æfingu lokinni: Jakob Hallgeirsson, Sigurður Þóris Þorsteinsson og Ásgeir Elíasson.

á réttum tíma. Þess má geta að þetta er byrjun á enn stærra verkefni innan félagsins. Við ákváðum að gera „tilraun“ nú á vormánuðum sem við ætlum að byggja á og er þá verið að hugsa til næsta veturs.

## Fern gullverðlaun

Fyrsta bikarkeppni FRÍ innanhúss var haldin 24. febrúar og áttu sex lið þátttökurétt í keppninni. Þrjú drengjamat voru bætt á mótinu og áttu tveir ÍR-ingar hlut að máli í tveimur tilfellum. Einar Daði Lárússon bætti eigið drengjamat í 60 metra grindahlaupi á 8,38 sek. og bætti gamla metið um 6/100 úr sek. en hann sigraði í hlaupinu. Þá bætti Ólafur Konráð Albertsson ÍR eigið drengjamat í 800 metra hlaupi, en hann hljóp á 1:57,19 mín, gamla metið var 1:58,58 mín.

Önnur úrslit voru þau að Fanney Björk Tryggvadóttir sigraði í Stangarstökki með 3.40 metrum, Fríða Rún Þórðardóttir sigraði í 1500 metra hlaupi á 4:41.44 mín. sem er hennar þriðji besti tími frá upphafi í 1500 metrum innanhúss. Birna Þórisdóttir varð í 2. sæti í 60 metra hlaupi á 7.97 sek. og Ásdís Magnúsdóttir varð einnig í 2. sæti í þristökki með 10.96 metra. Ásdís varð síðan í 3. sæti í langstökki með 5.25 metra, Sandra Pétursdóttir 3. í kúluvarpi með 10,84 metra og Þóra Kristín

Pálsdóttir í 3. sæti í 60 metra grindahlaupi á 9,61 sek og 3. í 800 metrum á 2:20.93 mín. Sveit ÍR varð í 3. sæti í 4 x 400 metra boðhlaupi en þar hlupu Helga Þráinsdóttir, Guðmunda Pálmadóttir, Þóra Kristín Pálsdóttir og Ásdís Lárúsdóttir. Hjá körlunum sigraði Einar Daði Lárússon í 60 metra grindahlaupi eins og áður segir og Örvar Ólafsson sigraði óvænt í þristökki með 13.03 m eftir mjög litla þjálfun á árinu. Burkni Helgason varð í 3. sæti í 1500m á 4:23,18 mín og Ólafur Konráð Albertsson 3. í 800 metra hlaupi á 1:57.19 mín.

Í heildar stigakeppnin varð kvennalið ÍR í 2. sæti með 48 stig, 4 1/2 stig á eftir Bikarmeisturum Breiðabliks. Strákarnir urðu í 5. sæti með 10 stigum minna en Breiðablik sem var í 1. sæti, þannig að það var greinilega lítil munur á milli liðanna. Í heildarstigakeppninni varð ÍR liðið í 3. sæti með 83 stig en Breiðablik sigraði með 98,5 stig.

ÍR-ingar hlutu fern gullverðlaun, tvenn silfurverðlaun og átta bronsverðlaun.

## Sportvörur, Leikföng og Ritföng í úrvali

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

## ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Umboð fyrir Happdrætti Háskóla Íslands SÍBS og DAS

# Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

# Glæsileg afmælishátíð ÍR

Sannkölluð stórhátíð var hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur dagana 10. til 11. mars þar sem fagnað var 100 ára afmæli félagsins. Segja má að þessi hátíð hafi tekist einstaklega vel en allir viðburðir helgarinnar voru vel sóttir en það var fjölskylduhátíð í Seljaskóla og hátíð í Austurbergi með stórglæsilegri matarveislu og dansleik á eftir.

Afmælisdagurinn sem var þann 11. mars var svo haldinn hátíðlegur í ÍR-heimilinu við Skógarsel. Þar afhenti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri ÍR formlega gervigrasvöll fyrir hönd Reykjavíkurborgar, sem er hinn glæsilegasti

og sennilega sá besti á landinu. Segja má að aðstaða knattspyrnufélks sé orðin mjög góð og nú geta ÍR-ingar æft knattspyrnu á sínu svæði í stað þess að þurfa að fara um alla borgina til að komast á æfingar. Einnig var undirritaður samningur Íþróttafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um framtíðar uppbyggingu og skipulag á svæðinu í suður Mjódd.

Margir ÍR-ingar voru heiðraðir og þar á meðal hlutu 10 heiðursfélagar viðurkenningu fyrir sín störf fyrir félagið. Einhverjir halda að þeir þurfi að bíða önnur hundrað ár eftir því að geta mætt á viðburð innan ÍR en svo er ekki. Ákvörðun

hefur verið tekið að halda uppá afmæli félagsins á hverju ári. Þannig að þeir sem ekki komust til okkar að þessu sinni þurfa því ekki að bíða nema í eitt ár. Það má með sanni segja að þessi helgi hafi verið frábær í alla staði. En til þess að svona hátíð megi takast eins vel og raun varð þurfa margar hendur og vilja þeir sem stóðu að skipulagningu þessarar hátíðar þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið á einn eða annan hátt.

*Hörður Heiðar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri og Sigrún Gréta Helgadóttir íþróttafulltrúi*



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Myndsími: 587 7081  
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

## Kristín Birna með viðurkenningu

Uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambands Íslands var haldin 24. janúar í Laugardalshöllinni og fékk Kristín Birna Ólafsdóttir úr ÍR viðurkenningu fyrir mestu framfarir á árinu í fjölþraut og grindahlaupum. Þetta er mikill heiður fyrir Kristínu Birnu og óskar frjálsíþróttadeildin henni innilega til hamingju.

Kristín Birna keppti á mótinu í Albuquerque í Nýju Mexíkó dagana 22. til 24. febrúar. Þar byrjaði hún á að keppa í fimmþraut og var aðeins 33 stig frá Íslandsmeti

sínu, sem hún setti fyrir ári síðan þegar hún hlaut samtals 3810 stig. Árangur Kristínar Birnu í einstökum greinum var eftirfarandi: 60 metra grind: 8.74 sek., hástökk: 1.62 metrar, kúluvarp: 9.97 metrar, langstökk: 5.52 metrar, hlaup 800 metrar 2:17.87. Daginn eftir keppti Kristín í 60 metra grindahlaupi og bætti í því hlaupi sitt eigið ungvænnamet, 21 til 22 ára, í 60 metra grindahlaupi um 2/100 sek. þegar hún hljóp á 8,64 sek.

## ÍR-ingar stálu senunni

Á meistaramóti Reykjavíkur til 14 ára stálu ÍR-ingar senunni og sigruðu í 20 greinum af 22.

Í þeim greinum sem sigur

vannst ekki í voru ÍR-ingar í 2. og 3. sæti. 25 gullverðlaun, 24 silfurverðlaun og 23 bronsverðlaun náðust á mótinu sem er glæsilegt.

## Öldungar unnu til fjölda verðlauna

ÍR-ingar unnu fjölda verðlauna á öldungameistaramóti Íslands helgina 17. til 18. febrúar og urðu í 2. sæti í stigakeppninni með 196

stig en FH sigraði með 215 stig. ÍR-ingar hlutu 28 gullverðlaun, sjö silfur- og níu bronsverðlaun.

## 14 Íslandsmeistararitlar til ÍR

ÍR-ingar tryggðu sér yfirburðasigur í stigakeppni Meistaramóts Íslands í flokkum 12 til 14 ára í Laugardalshöll helgina 3. til 4. mars. Liðið hafði mikla yfirburði og hlaut samtals 480.5 stig en FH varð í öðru sæti með 229.5 stig og Breiðablik í þriðja sæti með 220 stig. Alls kepptu 250 krakkar á mótinu frá 20 félögum og samböndum.

Sigur ÍR liðsins á MÍ 12 til 14 ára núna er sá fyrsti í sögu félagsins en áður hafði ÍR-liðið best náð öðru sæti árið 2002

með samtals 342 stig. ÍR-ingar sigruðu einnig í stigakeppnina í flokkum 12 ára stelpna og 13 ára telpna. 14 ára ÍR-telpur urðu í öðru sæti í stigakeppni síns flokks, 13 ára ÍR-piltar náðu fjórða sæti, 14 ára ÍR-piltar 5. sæti og 12 ára ÍR-strákar urðu í 7. sæti. Alls unnu ÍR-ingar 14 Íslandsmeistararitla í keppnisgreinum, 9 silfur og 9 brons.

Sannarlega frábær frammistaða hjá fjölmennu liði ÍR en alls voru 40 keppendur skráðir til keppni fyrir hönd félagsins.

## Veikindi settu svip á meistaramót

Þrír ÍR-ingar luku keppni á meistaramóti Íslands í fjölþrautum það voru þau Helga Þráinsdóttir, sem varð í 4. sæti með 2.363 stig, Stefán Árni Hafsteinsson varð í 6. sæti

með 2.912 stig og Ármann Óskarsson 7. með 2.630 stig. Veikindi og meiðsl settu svip á mótinu og fóru ÍR-ingar ekki varhluta af því.

Heimasíða  
ÍR er  
[www.irsida.is](http://www.irsida.is)

Þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um æfingatíma keppnir o.fl.

1X2  
TOTO

GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

# VORLAUKARNIR KOMNIR!



Gu  
Um a

# FRÆURVALIÐ ER Í GARDHEIMUM



Chrysanthemum  
'Crazy Daisy'



Diascia



Calendula 'Neon'



Calendula 'Touch of Buff'



GARDHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)